

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir
Dags. 30. apríl 2021
Mnr. 2021040097



ÍSAFJARÐARBÆR

Innheimtureglur Ísafjarðarbæjar

Á síðustu mánuðum hefur undirrituð, ásamt fjármálastjóra, aðalbókara og innheimtufulltrúa unnið að gerð innheimtureglna fyrir sveitarfélagið, en engar slíkar hafa verið samþykktar af bæjarstjórn.

Mikilvægt er að skýrar reglur séu til staðar um meðferð innheimtumála hjá sveitarfélaginu, til samræmingar á verklagi og til að tryggja gegnsæi, skilvirkni og hagkvæmni, alveg sama hver gengir starfi innheimtufulltrúa og/eða sviðsstjóra á hverjum tíma.

Ætlun nýrrar vinnulýsingar innheimtufulltrúa er jafnframt að samræma skil forstöðumanna/sviðsstjóra á gögnum til innheimtufulltrúa vegna útsendra krafna, og til samræmingar gjalddaga og eindaga krafna til greiðenda sveitarfélagsins.

Með skýrum og góðum innheimtureglum er áætlað að efla innheimtuárangur, draga úr vanskilum og kostnaði við vanskil hjá greiðendum sveitarfélagsins.

Eru nýjar innheimtureglur sveitarfélagsins lagðar fram og óskað samþykkis bæjarstjórnar.